

Persónuverndarstefna Landsbréfa og reglur um upplýsingar um viðskiptavini

1. gr.

Persónuverndarstefna

Landsbréf leitast við að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með í starfsemi félagsins og er persónuverndarstefna þessi byggð á lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuverndarupplýsinga og grundvallarsjónarmiða um friðhelgi einkalífs. Til að framfylgja þessari stefnu eru eftirfarandi reglur settar.

2. gr.

Almennt

Persónuverndarstefnan og reglur um upplýsingar um viðskiptavini taka til persónuupplýsinga er varða viðskiptavini Landsbréfa og Landsbréf hafa undir höndum og einnig persónuupplýsinga er varða starfsfólk Landsbréfa. Markmið persónuverndarstefnunnar og reglnanna er að skilgreina hvaða persónuupplýsingum Landsbréf safna og í hvaða tilgangi það er gert, hverjir fá aðgang að þessum upplýsingum og með hvaða hætti Landsbréf standa vörð um þær persónuupplýsingar sem Landsbréf varðveita og vinna með.

Með persónuupplýsingum er átt við hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings.

3. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga á vegum Landsbréfa

Landsbréf safna ýmsum persónuupplýsingum um viðskiptavini sína. Þessi upplýsingaöflun um viðskiptavini er öll byggð á lagaskyldu sem hvílir á Landsbréfum og/eða samningi sem gerður er við viðskiptavini til að geta veitt þá þjónustu sem samið er um. Fyrir það fyrsta eru skráðar upplýsingar um viðskiptavini við stofnun viðskipta í samræmi við áskilnað laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eins og varðandi uppruna fjármagns og annað sem þau lög áskilja og upplýsingar til að fullnægja ákvæðum laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Grunnupplýsingar hér að lútandi eru nafn, kennitala, vörslu- og eftir atvikum bankareikningsupplýsingar og samskiptaupplýsingar eins og tölvupóstföng. Í annan stað eru upplýsingar um viðskipti við sjóði Landsbréfa skráð í því skyni að tryggja rétta færslu bókhalds samkvæmt lögum nr. 145/1994, um bókhald og skattskil samkvæmt lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og til að geta staðið við upplýsingakröfur sem gerðar eru til Landsbréfa af hendi opinberra aðila, m.a. samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Upplýsingum samkvæmt þessari grein er safnað bæði um viðskiptavinum sem eru einstaklingar og lögaðilar.

Landsbréfum er óheimilt að safna upplýsingum úr ólíkum áttum sem varða tiltekinn viðskiptavin og búa þannig til persónusnið um hann, eftir atvikum í þeim tilgangi að taka sjálfvirka ákvarðanatöku er varðar viðkomandi, nema á grundvelli ótvíræðs samþykkis, lagaheimildar eða ef slík sjálfvirk ákvarðanatöku er forsenda þess að unnt sé að gera eða efna samning sem viðkomandi er aðili að.

Landsbréf eða útvistunaraðili Landsbréfa á sviði upplýsingatæknimála skráir notkun starfsfólks á helstu upplýsingakerfum og skal aðgangur að persónuupplýsingum eingöngu vera til staðar þar sem starf viðkomandi krefst þess. Upplýsingar um viðskiptamenn Landsbréfa eru aðgangsstýrðar. Starfsmenn Landsbréfa hafa almennt eingöngu aðgang að upplýsingum um viðskiptamenn sem starf þeirra krefst. Yfirmenn hafa að öllu jöfnu aðgang að öllum upplýsingum sem undirmenn þeirra hafa aðgang að nema reglur um hagsmunaárekstra takmarki aðgang að upplýsingum frekar en hér er kveðið á um. Starfsmenn sem sinna almennt takmörkuðum hópi viðskiptavina skulu eingöngu hafa aðgang að upplýsingum sem varða þeirra viðskiptavinum.

Á starfsstöð Landsbréfa geta verið eftirlitsmyndavélar. Vinnsla á þeim upplýsingum sem safnast með myndavélaeftirliti byggir á lögmætum hagsmunum félagsins, enda fer vinnslan fram eingöngu í eigna- og öryggisvörsluskyni.

Landsbréf kunna að safna upplýsingum um samstarfsaðila, svo sem birgja, verktaka og viðskiptamenn sem eru lögaðilar. Í þessum tilvikum er einkum safnað tengiliðaupplýsingum eins og nafni, símanúmeri og tölvupóstfangi. Þá kann jafnframt samskiptasaga og eftir atvikum reikningsupplýsingar að vera vistaðar. Þessi vinnsla er félaginu nauðsynleg til að geta uppfyllt skyldur sínar á grundvelli samnings við viðkomandi samstarfsaðila. Þá kann félaginu að vera skylt að vinna með upplýsingar á grundvelli lagaskyldu, s.s. bókhaldslaga og að því er varðar hæfismat samkvæmt 54. gr. laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga. Öll vinnsla persónuupplýsinga skal ekki vera umfram það sem nauðsynlegt er miðað við þann lögmæta tilgang sem að er stefnt með vinnslunni.

Áður en ráðist er í nýja eða uppfærða vinnslu persónuupplýsinga skal fara fram mat á því hvort vinnsla samrýmist lögum og reglum þessum.

4. gr.

Kvartanir og ábendingar

Landsbréfa hafa sett sér sérstaka stefnu og reglur um meðferð kvartana og gilda þær með sama hætti um málefni er lúta að persónuupplýsingum eins og öðrum málefnum í starfsemi Landsbréfa. Reglur þessar er að finna á vefsíðu Landsbréfa <http://www.landsbref.is>.

5. gr.

Styrkumsóknir

Í tengslum við styrkumsóknir vinna Landsbréf með tengiliðaupplýsingar, s.s. nafn, kennitölu, netfang og símanúmer sem og aðrar upplýsingar sem sendar eru félaginu í slíkri umsókn. Vinnsla þessi fer fram á grundvelli beiðna um styrkveitingar, en ekki er unnið með þessar upplýsingar á annan hátt en til að halda utan um styrkbeiðnir og meðferð þeirra.

6. gr.

Persónuupplýsingar starfsfólks

Landsbréf varðveita persónuupplýsingar um starfsfólk sitt. Við gerð ráðningarsamnings er jafnan krafist upplýsinga um feril og bakgrunn væntanlegs starfsfólks og eru þær upplýsingar og upplýsingar um ráðningarkjör, starfsmannaviðtöl og annað slíkt varðveitt með gögnum félagsins. Þá eru varðveittar upplýsingar um laun, orlof og veikindadaga.

7. gr.

Varðveisla persónuupplýsinga

Landsbréf varðveita persónuupplýsingar eins og lengi og lagaáskilnaður kveður á um. Sé um að ræða upplýsingar sem falla undir bókhaldslög eru þær varðveittar í 7 ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Viðvarandi viðskiptaupplýsingar geta verið varðveittar lengur ef þess er þörf til að tryggja rétt skattskil og er það á grundvelli skattalaga og eftir atvikum til að staðreyna réttar efndir viðskiptasamninga.

Rafræn vistun gagna skal vera á öruggum miðli þar sem öryggisráðstafanir eru uppfærðar í samræmi við ýtrustu kröfur hverju sinni. Upplýsingar um viðskiptavini á pappír eru vistaðar í öruggri skjalageymslu. Gögn eru geymd í samræmi við geymsluáætlun sem tekur mið af lögum um bókhald nr. 145/1994 svo og á sögulegum og notkunarlegum forsendum. Þegar ekki er lengur notagildi í upplýsingum sem eru persónugreinanlegar þá er þeim eytt eða að lágmarki auðkennanlegar upplýsingar afmáðar ef upplýsingarnar hafa t.d. sögulegt gildi. Gögnum með upplýsingum um viðskiptavini er eytt með tryggilegum hætti, pappír er sendur til eyðingar og rafrænum gögnum er markvisst eytt.

Starfsfólki Landsbréfa ber skylda til að tilkynna áhættustýringu Landsbréfa eða regluverði án tafar um öll atvik sem geta falið í sér að óviðkomandi fái aðgang að persónuupplýsingum, að persónuupplýsingar breytist fyrir mistök eða án heimildar eða verði óaðgengilegar þeim sem á þurfa að halda.

8. gr.

Útvistun og miðlun til þriðju aðila

Landsbréf útvista ýmsum rekstrarverkefnum til Landsbankans hf. samkvæmt sérstökum útvistunarsamningum að fenginni heimild Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Slík útvistun felur óhjákvæmilega í sér að Landsbankinn tekur að sér að taka við og geyma fyrir hönd Landsbréfa ýmsar persónuupplýsingar um viðskiptavinum Landsbréfa. Til að tryggja fylgni við persónuverndarreglur gera Landsbréf sérstakan vinnslusamning við Landsbankann sem skuldbindur sig til að hlíta persónuverndarlögum um meðferð þeirra upplýsinga sem safnað er á grundvelli þessara samninga. Með sama hætti geta Landsbréf tekið að sér verkefni samkvæmt útvistunarsamningum sem geta falið í sér að Landsbréf taki við og geymi fyrir hönd annars aðila ýmsar persónuupplýsingar um viðskiptavinum. Í slíkum tilvikum skal í samræmi við áskilnað laga gerður vinnslusamningur til að tryggja fylgni við persónuverndarreglur.

Landsbréf kunna að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila, svo sem til innheimtuaðila eða aðila sem sjá um upplýsingatæknipjónustu eða annars konar ráðgjöf fyrir hönd félagsins. Þá getur félagið verið skylt að lögum að afhenda persónuupplýsingar til yfirvalda, svo sem skattýfirvalda, Seðlabanka Íslands eða Fjármálaeftirlitsins, en slík upplýsingagjöf skal í öllum tilvikum styðjast við lagaáskilnað þar að lútandi. Landsbréfum ber að tilkynna yfirvöldum ef grunur vaknar um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka til samræmis við lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Vakni grunur um slíkt kann miðlun upplýsinga um viðskiptavinum að vera að frumkvæði Landsbréfa.

9. gr.

Leiðrétting persónuupplýsinga – og staðfesting á fyrirliggjandi upplýsingum

Ef í ljós kemur að fyrirliggjandi persónuupplýsingar eru rangar á viðkomandi ávallt rétt á því að upplýsingarnar séu leiðréttar. Ábendingum skal komið á framfæri við Landsbréf á netfangið landsbref@landsbref.is.

10. gr.

Réttindi tengd persónuupplýsingum sem félagið vinnur

Viðskiptavinir geta óskað staðfestingar á því hvort Landsbréf eigi persónuupplýsingar um þá og geta óskað eftir aðgangi að þeim og hvernig vinnsla þeirra er hagað og á hvaða grundvelli varðveisla upplýsinganna á sér stað. Landsbréf áskilja sér rétt til að innheimta gjald fyrir vinnu við að taka saman gögn sem viðskiptavinur óskar eftir að fá afhent til sín ef beiðni krefst útgjalda eða umtalsverðrar vinnu. Gjaldið skal taka mið af kostnaði við afgreiðslu gagnabeiðni.

Við ákveðnar aðstæður getur hlutaðeigandi óskað eftir því að persónuupplýsingum um sig verði eytt án tafar, til að mynda þegar að varðveisla upplýsinganna er ekki lengur nauðsynleg miðað við tilgang vinnslunnar eða vegna þess að afturkallað hefur verið samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinganna og engin önnur heimild liggur til grundvallar henni. Sé vinnslan byggð á samþykki er hlutaðeigandi sem samþykki veitti hvenær sem er heimilt að afturkalla samþykki

sitt. Ef upp koma aðstæður þar sem að félagið getur ekki orðið við beiðni viðskiptavinar mun félagið leitast við að útskýra hvers vegna beiðninni hefur verið hafnað, þó með tilliti til takmarkana á grundvelli lagaskyldu.

Vakni grunur um trúnaðarrest eða misnotkun á persónuupplýsingum sem Landsbréf hafa unnið með eða varðveita, á viðkomandi þess kost að óska eftir upplýsingum um það hvort og eftir atvikum hvaða starfseiningar hafi skoðað persónuupplýsingar um hann án viðskiptalegrar skýringar. Viðskiptavinur getur þó ekki krafist upplýsinga um það hvaða starfsmaður hafi unnið með persónuupplýsingar hans. Rökstudda beiðni um hvort persónuupplýsingar hafi verið skoðaðar án viðskiptalegrar skýringar samkvæmt grein þessari skal fara með eins og kvörtun, sbr. 4. gr. Beiðni um upplýsingar skal vera eins skýr og afmörkuð og kostur er. Landsbréf afhenda ekki vinnuskjöl starfsfólks s.s. tölvupósta, fundargerðir eða minnisblöð.

11. gr.

Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar

Ef viðskiptavinur vill nýta þau réttindi sem lýst er í 10. gr. í stefnu þessari, eða ef viðskiptavinur hefur einhverjar spurningar varðandi persónuverndarstefnu þessa eða það hvernig félagið vinnur með persónuupplýsingar getur hann beint erindi til félagsins á tölvupóstfangið landsbref@landsbref.is.

Ef viðskiptavinur er ósáttur við vinnslu félagsins á persónuupplýsingum getur hann sent erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

12. gr.

Samskiptaupplýsingar

Landsbréf hafa tilnefnt Fjólu Jónsdóttur, yfirmann áhættustýringar Landsbréfa, (fjola.jonsdottir@landsbref.is) til að hafa umsjón með eftirfylgni þessarar persónuverndarstefnu.

13. gr.

Gildistaka

Persónuverndarstefna var sett af stjórn Landsbréfa þann 24. febrúar 2023. Hún skal endurskoðuð reglulega og eftir því sem tilefni er til og þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.